



Tímabundið

STARFSLEYFI

fyrir niðurrif mannvirkja

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

Leyfishafi: Leirljós ehf.

Kennitala: 560415-0280

Heimili: Breiðanesi, Skeiða- og Gnúpverjahr. 804 Selfoss

Leyfið gildir frá: 1. október 2021

Leyfið gildir til: 30. nóvember 2021

Starfsemi og staðsetning verks:

Hreinsun og niðurrif asbestos á íbúðarhúsi á jörðinni

Breiðanes í Skeiða- og Gnúpverjarehppi.

Fastanúmer: F2202266 - mhl. 03 0101

Starfsleyfisskilyrði:

- Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
- Eftir því sem við á skal framkvæmdaaðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
- Áður en niðurrif byggingar eða byggingarhluta hefst skal liggja fyrir:



- a) úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni,
 - b) framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé framkvæmdin byggingar- og/eða framkvæmdaleyfisskyld,
 - c) heimild til meðhöndlunar asbestos frá Vinnueftirlitinu ef asbest er að finna í viðkomandi byggingu eða byggingarhluta.
4. Eftir því sem við á skal tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifsins, áður en niðurrif byggingar eða byggingarhluta hefst. Allar frárennslislagnir skulu vera frágengnar með fullnægjandi hætti í seinasta lagi við lok niðurrifs.
5. Ávallt skal byrja á að fjarlægja allt asbest úr byggingum og byggingarhlutum sem á að rífa. Asbest skal ávallt rífa handvirkta og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbestos í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
6. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki óþægindum í nágrenni framkvæmdarinnar vegna úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónædis.
7. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, mórs, asbest o.p.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brotflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolon hjólbardar vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
9. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
10. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járni, plasti o.p.h.
11. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til sliks flutnings.
12. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
13. Ef í ljós kemur við niðurrif byggingar eða byggingarhluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.



14. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarárgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbestos á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafí skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafí greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 21. september 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrónn

Stella Hrónn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

Leirljós ehf.

kt. 560415 0280

**Breiðanesi,
804 Selfoss**

vegna hreinsun og niðurrifs asbestos á íbúðarhúsi á jörðinni Breiðanesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fastanr. F2202266, mhl. 03 0101.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 17. ágúst sl. umsókn Elwira Elzbieta Kacprzycka, kt. 0408854049, f.h. Leirljóss ehf., kt. 5604150280, um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif asbestos á íbúðarhúsi að Breiðanesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Var móttaka umsóknar auglýst þann 18. ágúst sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og tilkynningaskyldu vegna mengunar. Jafnframt kemur fram í starfsleyfi að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir við niðurrifið fyrr en leyfi byggingafulltrúa liggur fyrir, sé framkvæmdin framkvæmda- og/eða byggingaleyfisskyld.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða vegna niðurrifs asbestos úr mannvirki, þá var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti. Hins vegar fylgdi ofangreindri umsókn afrit af byggingarleyfi byggingafulltrúa, dags. 19.



maí 2021 til að endurnýja glugga og utanhúsklæðningu og fjarlægja asbest á íbúðarhúsi á jörðinni Breiðanesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir niðurrif mannvirkja á vegum Leirljóss ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 18. ágúst sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 15. september sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

- Gildistími starfsleyfis var auglýstur 20. september til 20. október 2021 en var breytt í 1. október til 30. nóvember til samræmis við óskir umsækjanda.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 213. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 27. ágúst sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Leirljóss ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út með gildistíma í samræmi við innsenda umsókn loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint, með gildistíma frá 1. október til 30. nóvember 2021.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, mólsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar



ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 21. september 2021.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi